



## 381. Stjórnarfundur haldinn 18. okt. 2011 kl:18:30

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingbergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA), Guðjón Axelsson (GA) og Bjarney S. Snævarsdóttir. (BS)

### 1. Fundagerð síðast fundar.

Farið yfir og samþykkt.

### 2. Innkominn bréf.

Tölvupóstur frá fjáröflunarnefnd 9. fl. drengja körfu þar sem þeir láta vita af fjáröflun sem er í gangi, einnig umsókn um að dreifa jólablaði félagsins.

Tilkynning frá LÍ v/ ábyrgða aðalstjórnar á láni v/ körfuknattleiksdeildar.

Tölvupóstur með upplýsingum um söluna á seldum K- merktum rúmfatnaði sem Hagkaup sér um að selja.

Afrit af tilkynningu íþróttaslys í fimleikum.

### 3. Send bréf.

Engin.

### 4. Málefni körfuknattleiksdeildar.

EH býður stjórn körfuknattleiksdeildar velkomna á fund aðalstjórnar. Skýrði tilefni fundarins þ.e. stöðu deildarinnar fjárhagslega gaf síðan Gunnari Jóhannssyni formanni körfuknattleiksdeildar orðið. Gunnar skýrði frá fundi sem hann og Birgir Már hefðu átt með EH þar sem farið var yfir ýmis mál varðandi körfuknattleiksdeildina. Gunnar fór yfir tekjur og skuldir og þær fjáraflanir sem þeir eru með, en þær hafa gengið vel og vonandi halda því áfram. Gunnar lagði fram skuldaryfirlit deildarinnar. Stjórnarmenn körfuknattleiksdeildar lýstu yfir áhyggjum sínum af B-sal. Brýnt er að bæta úr ef ekki á að koma til álagsmeiðsla á iðkendum. Einnig nefndu þeir að styrkir frá Reykjanesbæ hefðu ekki skilað sér til deildarinnar, eins og lofað var. EH tók undir með stjórnarmönnum körfuknattleiksdeildar um að brýnt væri að fara sem allra fyrst í endurbætur á B-sal. EH þakkaði stjórnarmönnum fyrir góðan fund.

### 5. Jólablað Keflavíkur.

EH sagði frá því að Björn Jóhannsson hefði beðist undan viðtali. Stjórnarmenn beðnir að koma með tillögu að viðmælanda í opnuviðtal.

### 6. 47. sambandsþing UMFÍ

EH skýrði frá því helsta sem samþykkt var á þinginu. EH náði ekki kjöri í stjórn. KG var formaður kjörnefndar og kosinn í kjörnefnd sem starfar á milli þinga.

### 7. Hringbraut 108.

Guðbjörg Jónsdóttir hefur sagt upp leigunni frá og með 1. desember.

### 8. Önnur mál.

EH sagði frá því að fulltrúar Stafnvíkur ætluð að koma til fundar en afboðað á síðustu stundu. Jólahaðborð verður 3. des.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.20:20

Fundinn ritaði SG

